

Skólareglur 2022-2023

Í Þjósárskóla grundvallast samskipti á virðingu og kurteisi og rétti allra á vinnufriði.

1. Námið er stundað af vandvirkni í Þjósárskóla.
2. Lögð er áhersla á góða umgengni í öllu starfi skólans.
3. Lögð er áhersla á heilbrigði og hollar lífsvenjur.
4. Kennarar stýra kennslustundum og nemendur fara eftir fyrirmælum þeirra og annars starfsfólks skólans á skólatíma.
5. ART/Bekkjareglur eiga að vera í öllum bekkjum.
6. Nemendur eru á skólalóðinni á skólatíma.
7. Við notum ekki tæki í skólanum sem valda truflunum eða óþægindum.
8. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á verðmætum sem þeir koma með í skólann.
9. Nemendur skulu koma klæddir fötum sem hæfa veðri og aðstæðum.
10. Nemendur spennu alltaf beltin í skólabílum.
11. Öll neysla matar og drykkja er óheimil í skólabílum.
12. Nemendur fara eftir fyrirmælum bílstjóra.
13. Við mætum stundvíslega í kennslustundir.
14. Skólareglur gilda í öllu starfi á vegum skólans.

Greinargerð

Námið er stundað af vandvirkni í Þjósárskóla. Í því felst að nemendur mæta stundvíslega í allar kennslustundir, vel undirbúnir og hafa meðferðis tilskilin gögn og áhöld. Góð umgengni er í öllu starfi skólans. Í því felst að allir ganga þrifalega um, inni sem úti og bera virðingu fyrir sínum eigin eignum, annarra og skólans. Allir raða skóm, ganga frá útifatnaði á viðeigandi staði, ganga frá verkfærum/spilum/áhöldum og hirða vel um námsbækur og önnur gögn. Allir ganga vel um útisvæði í kennslu og leik. Lagt er upp úr hollum málsverðum á skólatíma og hollu nesti í ferðum. Nemendur neyta hvorki sælgætis né gosdrykkja og notkun tyggjós er ekki leyfð. Við notum ekki vímuefni í störfum okkar.

Starfsfólk skólans aðstoðar nemendur við að leysa úr málum sem upp kunna að koma á meðal þeirra. Allir bekkir eiga að hafa sínar eigin bekkjarreglur. Sbr. ART

Nemendur eru á ábyrgð foreldra þegar þeir fara úr skólabíl annars staðar en við heimili sitt eða skóla. Foreldrar eiga að láta bílstjóra og skóla vita um breytingar á heimferð barna sinna.

Notkun síma og leikjatölva er óheimil. Við notum hvorki reiðhjól, línuskauta né hjólabretti á skólatíma.

Nemendur fara ávallt út í frímínútur óháð veðri og gera má ráð fyrir útikennslu í ákveðnum tilvikum. Nemendur skulu spenna beltin um leið og sest er í skólabíl og þau ekki leyst fyrr en bíllinn hefur numið staðar þar sem nemandi fer úr. Öll neysla matar og drykkja er óheimil í skólabílum.

Skólareglur gilda í skólabílum, í allri kennslu, á leiksvæðum, í mötuneyti, í íþróttahúsi/sundlaug, þjóðskóginum í Þjósárdal, félagslífi á vegum skólans og öllum ferðalögum og skemmtunum á vegum skólans. Einnig gilda skólareglur Þjósárskóla fyrir alla nemendur Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem aka í skólabílum sveitarfélagsins.

Viðurlög við brotum á skólareglum

Almennt:

Innan skólans er stöðugt unnið að því að efla virðingu og aga svo skólastarfið gangi vel. Það er sameiginlegt verkefni skóla og foreldra að standa saman í því verkefni. Ávallt skal umsjónarkennari tilkynna foreldrum ef beita þarf viðurlögum við brotum á skólareglum. Við alvarleg og/eða ítrekuð brot á skólareglum getur þurft að grípa til tímabundinnar brottvikningar úr skóla, eða úr einstökum greinum í skemmri eða lengri tíma. Um brottvikningu í lengri tíma en einn dag gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Viðurlög við brotum á skólareglum miða að því að hjálpa nemanda að bæta sig sbr. reglugerð um skólareglur nr. 1040/2011. Í 10.gr. segir: Viðbrögð skulu vera markviss og til þess fallin að stuðla að jákvæðum skólabrag, bættri hegðun nemenda, aukinni ábyrgð og áhuga á menntun og miða að því að styrkja sjálfsmýnd nemenda. Viðbrögð við brotum á skólareglum skulu vera í samræmi við brotið og ávallt skal velja vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná fram settu markmiði. Umsjónarkennari ber ábyrgð á og fylgist með því að umsjónarnemandi hans hlíti þeim viðurlögum sem ákveðin hafa verið. Brot á skólareglum er skráð af umsjónarkennari í Mentor. Í ákveðnum tilvikum eru mismunandi viðurlög fyrir 1.-4. bekk annars vegar og 5.-7. bekk hins vegar. Mismunandi vinnuregla gildir eftir því hvaða regla er brotin. Ef það verður ekki ásættanleg breyting að mati umsjónarkennari eftir ofangreindar aðgerðir verður mál nemandans sent til nemendaverndaráðs.

Regla 1 og 13– Ástundun.

Ef regla eitt er ekki virt er atvikið skráð í Mentor. Við endurtekin brot er haft samband við foreldra og reynt að finna ásættanlega niðurstöðu. Í ákveðnum tilvikum getur kennari ákveðið að nemandi taki ekki þátt í verkefnum vegna skorts á gögnum. Þá viljum við benda á að ef fjarvera nemenda nær 15% af skólasókn þá verður það tilkynnt til Barnaverndar.

Regla 2 – Umgengni.

Nemandi sem sýnir slæma umgengni verður að þrifa eftir sig. Ef hann veldur viljandi skemmdum á eignum annarra eða skólans má hann búast við að þurfa að bæta skaðann. Ítrekuð brot geta leitt til að frímínútur/matartími verði ekki á sama tíma og hinna nemenda skólans.

Regla 3 – Heilbrigði og hollar lífsvenjur.

Ef nemandi neytir ekki matar í skólanum er haft samband við foreldra. Gosdrykkir og sætindi eru gerð upptæk hjá nemanda á skólatíma, nema fyrir liggja sérstakt leyfi frá skólanum. Foreldrar eru látnir vita.

Regla 4 og 12 og 14 – Fyrirmæli starfsfólks.

Brot eru skráð í Mentor. Í ákveðnum tilvikum getur skólastjóri þurft að grípa inn í og er foreldrum þá gert viðvart.

Regla 5 – ART/Bekkjareglur.

Við brot á bekkjareglum gilda sömu viðurlög og við brot á reglu nr. 4.

Regla 6 – Skólalóð á skólatíma.

Treyst er á samvinnu foreldra um að leysa einstök mál. Foreldrum er í öllum tilvikum gert viðvart um brot. Foreldrar og skólabílstjórar koma sér saman um frávík í akstri einstakra nemenda og láta skólann vita af fyrirkomulaginu.

Regla 7 – Tæki eða hluti sem valda truflunum.

Verði nemandi uppvís að notkun tækja eða hluti sem valda truflun í skólastarfinu, er nemandinn beðinn um að ganga frá því í töskuna. Ef hann gerir það ekki geymir starfsmaðurinn tækið. Nemendur fá það afhent í lok skóladags. Við endurtekið brot

verður haft samband við foreldra og lausn fundinn. Neiti nemendur að virða regluna kemur til reglu nr. 4. Sjá einnig sérstakar reglur um gsm-síma.

Regla 8 – Verðmæti í skóla.

Reglan er til að undirstrika að nemendur beri algjörlega ábyrgð á þeim verðmætum sem þeir kjósa að koma með í skólann og skólinn bætir ekki tjón á þeim verðmætum.

Regla 9 – Klæðnaður eftir veðri.

Nemendur fara út í frímínútur og taka þátt í útikennslu óháð veðri. Það er á ábyrgð foreldra að tryggja að nemendur hafi viðeigandi hlífðarfatnað í skólanum. Ef starfsmenn meta að þörf sé á úrbótum hefur umsjónarkennari samband við foreldra, tilkynning skráð í Mentor og frekari viðurlög ákveðin.

Regla 10 -12 – Skólabílar.

Bílstjórar láta umsjónarkennara/skólastjóra vita af broti á reglu 10 og 12 sem og öðrum skólareglum. Við fyrsta brot ræðir umsjónarkennari við nemanda, skráir og lætur vita heim. Brot er strax skráð í Mentor. Við annað brot er fundað með nemanda, bílstjóra og skólastjóra.

Starfsmenn skóla komi upplýsingum um brot til umsjónarkennara svo þeir geti skráð það.

Reglur um síma í Þjósárskóla

1. Nemendur mega vera með síma í Þjósárskóla. Um meðferð gilda eftirfarandi reglur:
2. Símararnir skulu vera stilltir á þögn og alls engin truflun á námsaðstæðum nemenda má vera af sínum
3. Símararnir eru á ábyrgð nemenda í skólanum og skólabíl. Tjón er ekki bætt af hálfu skólans.
4. Símararnir skulu geymdir í töskunum.
5. Óheimilt er að lesa eða senda SMS eða nota önnur samfélagsforrit. Á ferðalögum og í vettvangsferðum mega nemendur á miðstigi hafa með sér síma nema annað sé sérstaklega ákveðið.
6. Nemendur verða að hlíta þeim reglum sem starfsfólk skólans setur um notkun síma í ferðum á vegum skólans.

Við brot á þessum reglum er nemandinn beðinn um að ganga frá símanum í töskuna. Ef hann gerir það ekki geymir starfmaðurinn tækið. Nemendur fá það afhent í lok skóladags. Við endurtekið brot verður haft samband við foreldra og lausn fundin. Við endurtekin brot getur skólastjóri bannað viðkomandi nemanda að vera með síma í skólanum í lengri eða skemmri tíma.